



FRÁ VÍNARBORG

(1900)

Wien — sjálft nafnið er viðfelldnara en flest önnur borgaheiti, og á það vel við Vínarborg eða Vín, sem stendur rétt fyrir norðan þann megin-múr — Alpafjöllin —, sem skilur Suður-Evrópu og Mið-Evrópu, og við aðra mestu vatnsæðina í álfunni — Dóná — er víðfræg fyrir þá náttúruvegurð, sem alls staðar liggur að bænum, og þegar París líður, þá er ekki í Evrópu neinn sá glaumbær eða glæsibær, er jafnist við hina kátu, kvenprúðu keisaraborg.

Í Wien eru um 1,600,000 íbúa, og dálitla hugmynd um mannfjöldann fær sá, sem eitthvert fallett sunnudagskvöld á vorin er staddur í skemmtigarðinum Prater, t. d., og finnst hann vera eins og alda í útsænum, eða sandkorn á sjávarströndu, í öllum þessum sæg af vel búnu karlfólki og enn þá snyrtilegra kvenfólki. En svona er fjöldinn á öllum skemmtistöðum í bænum, eða kringum hann, og þó eru göturnar ekki auðar, eins og geta má nærri. Einkum er hringgatan (Ringstrasse) mjög fjölfarin úr því fer að líða að miðjum aftni á degi hverjum. Hringgatan er ákaflega breið og girt glæsilegustu byggingum staðarins, og er hún eitt af því, sem gerir Vín svo skemmtilega; þar sem hún er, voru áður víggarðar og grafir, og lykur hún utan

um gamla bæinn. Sá, sem vill virða fyrir sér hina „glöðu Vínarbúa“, fleygir sér í fólksstrauminn í Ringstrasse um kl. 6. Þar má sjá hið fríðasta kvenfólk, sem til er í Vín, sýna sig og búninga sína, og eru sumar af þeim fagrar eins og málverk, — ýmsar eru líka málaðar, þó sízt þær, sem mest líkjast málverkum. En utan til á götustéttunum standa liðsforingjar í glæsilegum einkennisbúningum, og spjátrungar með gler fyrir öðru auganu, og hyggja með alúð að kvenfólkinu, sem mjakast fram hjá hægt og hægt; því að sjaldnast verður farinn nema seinagangur vegna mannfjöldans. Svo má stundum lesa í einhverjum af blöðunum eitthvað á þessa leið t. d.: „Hin hrifandi fagra bláklædda „dama“, sem svo og svo útlítandi „herra“ heilsaði (á nánara tilteknum stað), er innilega beðin um eitthvert lífsmark“ o. s. frv.

Í Vín er fjöldi af skrautbyggingum, og má nefna ráðhúsið (í gotneskum stíl), sem hefir kostað um 23 millj. kr. Fyrir náttúrusöfnin og listasöfnin hafa verið reistar tvær veglegar hallir, og kostuðu þær báðar um 18 millj. kr., og eru alveg eins að allri ytri gerð. Aðrar stórbyggingar eru háskólinn og ríkisráðsbyggingin, sem á að líkjast grísku musteri; fyrir framan þinghúsið eru marmaramyndir af ýmsum helztu söguritutum í fornöld. Á háskólanum eru yfir 5000 stúdentar, og njóta þeir tilsagnar hinna frægustu kennara; einn af próffessorunum heitir Nothnagel; hann þykir bestur „meðalalæknir“ í Vín, og hefir yfir 200,000 kr. í árstekjur; af landfræðis- og jarðfræðiskennurunum má nefna þá Penck og Suess, og eru nöfn þeirra kunn hverjum þeim, er nokkuð hefir fengizt við þær vísindagreinar.

Frægust af öllum byggingum í borginni er Stefánsdómkirkja; og er sú kirkja yfir 600 ára gömul, það sem elzt er af henni; aðalturninn er rúm 400 fet á hæð, og sést víða að; er sagt, að Vínarbúar uni sér ekki vel, nema þeir eigi hægt með að sjá „Stefán“.

Kapuziner-kirkjan er merkileg vegna þess, að í kjallaranum undir henni eru geymd á annað hundrað konungleg og keisaraleg lík; mundi sögufróðum manni detta margt í hug, er hann stendur við þær kistur; flestar eru kisturnar mjög skreyttar með myndasmíði, gulli og silfri, en Jósef II., mestur Austuríkiskeisara, hvílir í einföldum eirkassa; þar er drottning Napoleons mikla og sonur þeirra, „konungurinn af Róm“; þar er Max-

milian bróðir hins núverandi Austurríkiskeisara; fór hann til að vera keisari í Mexiko og var þar drepinn; þar er drottning Franz Jósefs, sem talin var fegursta kona í Evrópu; var hún lögð rýtingi til bana; við hliðina á henni er kista sonar þeirra Rudolfs, ríkiserfingjans, sem átti að verða; var hann myrtur af vini sínum, þó að annað væri látið í veðri vaka.

(Engin af þessum keisaralegu kistum gat jafnast við kistu hins heilaga Nepómúks í Prag; er hún gerð af mikilli list úr 3000 pundum af skíru silfri. Mig minnir, að sagt væri, að hin heilögu bein hvíldu í kistunni, en til sýnis var einn af hinum heilögu fingurkögglum, og er það talið til mikillar sálubótar fyrir trúaða.)

Einhver snotrasta bygging í Vín þótti mér Votiv-kirkjan, sem byggð var nokkru eftir miðja öldina til minnis um, að Franz Jósef keisara sakaði ekki banatílraði, sem við hann var gert. Stíllinn er gotneskur. Á kirkjunni eru tveir turnar um 300 feta háir og svo víravirkislegir, að furðu gegnir um steinbyggingu.

Ég sá einhverju sinni hjón gefin saman í þessari kirkju; var þar allmikið fjölmenni saman komið, og sannaðist þar, að víðar en í Reykjavík hefir kvenfólkið gaman af að vera við þá guði-þóknanlegu hjónavígslu, því að langflestir voru áhorfendurnir hins snotrara kyns. Hjónavígslan fer nokkuð öðru vísi fram en með prótestöntum; var prestur í einkennilegum skrúða og með húfu á höfði, sem hann aðeins tók ofan þegar hann vék máli sínu beinlínis að guði; fór hann fögrum og ákaflega mörgum orðum um hjónabandið, sem hann þó varla hefir getað þekkt öðru vísi en af umtali; því að katólskir klerkar mega eftir trú sinni ekki líta kvenmenn girndarauga, og því síður það, sem meira er. Einn af brúðkaupsgestunum var líflæknir keisarans, og sat hann rétt við grindurnar, sem ég stóð nálægt. Var karl að tauta fyrir munni sér, svo vel mátti heyra: „Og hvaða bölvuð mærd er þetta! ætlar hann aldrei að verða búinn“ o. s. frv. Þegar fór að líða á ræðuna, tók klerkur band, sem hann lét utan um hjónaefnin, og því næst var komið með hringina, sem hann smokkaði upp á finger þeim; að endingu kysstust brúðhjónin kossi mjög löngum, og var þá þessari hátíðlegu athöfn lokið.

Yfirleitt þótti mér margt eftirtektarvert við kirkjur og klerka, þar eð ég hafði aldrei verið í katólsku landi áður. Það

er t. d. eitt, að kirkjurnar standa alltaf opnar, og er þar jafnan inni einhver strjálíngur af fólki (langflest kvenfólk), sem krýpur fyrir krossmarkinu eða myndum af Maríu mey, og mænir vonar- og bænaraugum á málað léreft, eða mótað gull eða silfur, eða útskorið tré. Jafnan var svalt inni í kirkjunum, og gluggarnir eru tóm málverk úr helgum sögum, og verður þess vegna aldrei vel bjart; en rökkrið er hollt alls konar hjátrú, ekki síður en bakteríunum.